

Auglýsing um fólkvang í Glerárdal, Akureyrarkaupstað

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að tillögu bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að friðlýsa hluta Glerárdals sem fólkvang í samræmi við 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Glerárdalur er mótaður af jöklum og einkennist berggrunnurinn af 10 milljón ára gömlum basalhraunlögum. Nálægð við forna megineldstöð veldur því að berggerðir eru fjölbreyttar á svæðinu auk þess sem steingerðar plöntuleifar, surtarbrandur og kísilrunninn trjáviður finnast á svæðinu. Gróðurfar í Glerárdal er frekar fjölbreytt, bæði hvað varðar tegundir og gróðurlendi, en mólendi og votlendi setja svip sinn á dalinn.

Stærð fólkvangsins er 7.440 hektarar.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993) og samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995).

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari, og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana.

3. gr.

Mörk fólkvangsins

Mörk fólkvangsins fylgja sveitarfélagsmörkum Akureyrarkaupstaðar eftir fjallstindum dalsins til austurs, suðurs og vesturs. Afmörkun fólkvangsins til norðurs, austan Glerár, eru frá sveitarfélagamörkum í afréttargirðingu neðan Súlumýra og liggja mörkin með afréttargirðingu að Glerárgili. Mökin liggja svo með brún Glerárgils niður að Réttarhvammi, yfir ána og vestan Glerár upp með brún gilsins að Sellæk. Þaðan liggja mörkin austan við fyrirhugaða lögn og lón vatnsaflsvirkjunar sem gert er ráð fyrir á Glerárdal. Sunnan lónsins liggja mörkin upp Heimara-Ilлагil og þaðan eftir mörkum fjarsvæðis vatnsverndar Glerárdalsbóls.

Mörkin afmarkast af ISN-93 hnitapunktum og eru sýnd á meðfylgjandi hnitatöflu og uppdrætti í fylgiskjali.

4. gr.

Umsjón með fólkvanginum

Akureyrarkaupstaður ber kostnað af stofnun og rekstri fólkvangsins sbr. 83. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fólkvanginn í samráði við Akureyrarkaupstað, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

5. gr.

Umferð um fólkvanginn

Almenningi er heimil för um svæðið enda sé góðrar umgengni gætt.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega innan marka fólkvangsins. Heimilt er þó að aka vélknúnum ökutækjum á snævi þakinni og frosinni jörð svo fremi sem ekki skapist hætta á náttúruspjöllum sbr. reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands, nr. 528/2005.

Ferðir á hestum um fólkvanginn eru aðeins leyfðar á stikuðum leiðum sem eru sérstaklega merktar sem göngu- og reiðleiðir. Heimilt er að nota hross við fjármölun. Óheimilt er að fara með rekstur hesta um fólkvanginn.

Umferð loftfara (t.d. þyrluflug) sem truflað gæti gesti og dýralíf er óheimil án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar. Undanskilið er hefðbundið aðflug og brottflug frá flugvelli, ásamt leitar- og björgunarflugi.

6. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs og jarðmyndana

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi og gáleysi innan marka fólkvangsins. Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og við uppgræðslu skal tryggt að ekki sé raskað líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu. Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan fólkvangsins, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka fólkvangsins, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Uppræta skal eftir fremsta megni framandi tegundir, svo sem alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*), skógarkerfil (*Anthriscus sylvestris*) og spánarkerfil (*Myrrhis odorata*).

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum.

7. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan fólkvangsins eru háðar leyfi bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun, mun framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga, gerð áningarstaða og uppsetningu fræðluskilta þar sem því verður við komið.

Sauðfjárbætur er heimil innan fólkvangsins. Umhverfisstofnun er heimilt, í samráði og samvinnu við Akureyrarkaupstað, að takmarka sauðfjárbætur á Glerárdal þegar hún er talin ógna gróðurþekju svæðisins.

Losun jarðefna, sorps og úrgangs er óheimil innan fólkvangsins.

Uppbygging flutningsmannvirkja raforku um fólkvanginn skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag Akureyrarkaupstaðar, þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína nr. 11/144 og raforkulög nr. 65/2003.

8. gr.

Notkun skotvopna

Meðferð skotvopna er bönnuð innan fólkvangsins að því undanskildu að heimilt er að veiða rjúpu sbr. lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Umhverfisstofnun, í samráði við Akureyrarkaupstað, er heimilt að veita leyfi til veiða á tegundum eins og mink sem flokkaðar eru sem ágengar framandi tegundir, ref og öðrum villtum dýrum. Veiðarnar skulu ætíð vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins.

9. gr.

Refsiákvæði

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

10. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 6. júní 2016

Fylgiskjal

Hnitatafla

Pkt	X-hnit	Y-hnit	Pkt	X-hnit	Y-hnit
1	531641.440	571502.380	67	538047.919	573032.949
2	531545.630	571210.190	68	538041.159	573484.376
3	531423.000	571036.000	69	538117.906	573676.290
4	531330.000	570830.310	70	538129.277	573798.871
5	531144.440	570597.060	71	538217.316	573900.086
6	530897.000	570498.380	72	538306.244	573932.008
7	530592.380	570202.380	73	538429.143	574071.897
8	530472.880	570125.130	74	538498.170	574063.329
9	530339.500	570090.880	75	538502.592	573858.027
10	530094.440	569747.440	76	538530.211	573863.375
11	529974.380	569492.060	77	538595.194	574013.598
12	530039.250	569133.750	78	538643.371	574258.841
13	530190.500	568928.810	79	538816.560	574438.492
14	530175.690	568863.250	80	538931.909	574847.985
15	529976.560	568683.940	81	539107.543	575065.322
16	529889.690	568513.560	82	539180.806	575059.645
17	529852.190	568293.630	83	539315.997	575172.920
18	529970.880	567226.130	84	539442.491	575137.697
19	530249.250	566779.440	85	539556.652	575158.350
20	530406.440	566362.190	86	539663.925	575237.061
21	530369.750	565769.440	87	539790.923	575245.358
22	530381.630	565424.310	88	539813.995	575339.560
23	530319.500	565311.750	89	539920.945	575508.127
24	530150.130	565184.500	90	539897.243	575617.252
25	529855.560	565043.810	91	539925.346	575719.051
26	529559.500	564697.000	92	539889.310	575742.872
27	529497.380	564663.440	93	539777.051	575573.009
28	529064.060	564799.310	94	539799.635	575487.643
29	528420.630	564810.810	95	539764.340	575437.945
30	528276.130	564589.250	96	539772.541	575364.186
31	528252.310	564159.750	97	539629.550	575343.590
32	528295.440	563836.630	98	539433.138	575234.732
33	528255.630	563545.190	99	539379.464	575237.750
34	528267.440	563435.750	100	539323.939	575295.724
35	528463.440	563038.750	101	539039.171	575175.604
36	528453.190	562636.810	102	538936.152	575047.094
37	528349.880	562347.380	103	538757.605	574901.706
38	528256.000	562196.750	104	538724.287	574706.657
39	528606.250	562285.190	105	538577.413	574559.697
40	529127.940	562338.630	106	538414.673	574299.607
41	529502.750	562246.130	107	537755.778	573863.136
42	529884.130	562215.500	108	537584.955	573435.228
43	530570.000	562080.560	109	537459.506	573210.658
44	531371.000	562045.560	110	537317.308	573013.693
45	531947.940	561932.630	111	537248.033	572866.860
46	532826.380	561839.630	112	536793.491	572318.060
47	533636.630	561950.380	113	536703.501	572265.766
48	534042.880	562114.560	114	536630.196	571976.836
49	534282.810	562251.500	115	536557.877	571822.301
50	534707.500	562775.380	116	536534.345	571676.390
51	535395.250	563430.880	117	536392.797	571315.078
52	535901.880	564185.250	118	536367.422	571206.029
53	536013.690	564620.000	119	536418.861	571174.358
54	536097.440	565199.190	120	536286.139	571012.172
55	536279.380	565714.250	121	536062.729	571025.127
56	536378.190	566107.380	122	535913.553	571166.033
57	536965.500	567490.060	123	535690.354	571256.908
58	537187.690	568097.440	124	535344.678	571284.609
59	537269.130	568236.940	125	535223.190	571347.077
60	539217.500	570173.630	126	535060.170	571494.625
61	540719.963	571022.580	127	534953.809	571529.287
62	540416.845	571897.348	128	533604.512	571453.182
63	540115.596	572218.661	129	532744.910	571878.712
64	539353.595	572710.084	130	532343.380	571808.190
65	539048.300	572701.236	131	532191.940	571846.060
66	538260.976	572986.874	132	531956.310	571960.630

Fylgiskjal

Kort af hinu friðlýsta svæði

